

Alþingi
b.t. Velferðarnefndar Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2023
Tilv.:2302859

Efni: Umsögn Samgöngustofu við frumvarp til sóttvarnarlaga, 529. mál

Vísað er til erindis velferðarnefndar Alþingis, dags. 13. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Samgöngustofu við frumvarp til sóttvarnarlaga, 529. mál.

Frumvarp sama efnis var sent stofnuninni til umsagnar 19. maí 2022 og skilaði stofnunin umsögn um málið þann 1. júní sama ár. Þá var umsögn vegna frumvarpsins einnig send heilbrigðisráðuneytinu þann 16. febrúar 2022.

Samgöngustofa vísar til sjónarmiða um kostnað sem fram koma í umsögn til Alþingis dags. 1. júní sl. Þar er bent á að Samgöngustofu hafi tímabundið verið falin verkefni tengd COVID-19 heimsfaraldrinum sbr. lög nr. 41/2021 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra þ.á.m. við að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á lögnum. Samgöngustofa ítrekar að með frumvarpi þessu virðist gert ráð fyrir því að Samgöngustofu verði falið varanlega það verkefni að leggja stjórnvaldssektir á flugrekendur og einstaklinga vegna brota á sóttvarnalögum. Leggja þarf mat á kostnað sem verkefnið hefur í för með sér fyrir Samgöngustofu og tryggja að því fylgi fjármagn. Slíkt kostnaðarmat hefur að mati Samgöngustofu ekki farið fram.

Þá ítrekar Samgöngustofa einnig þá afstöðu sem fram kemur í umsögn til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 16. febrúar 2022, um að ábyrgð og eftirfylgni álagningar stjórnvaldssekta vegna brota á sóttvarnalögum ætti fremur heima hjá því stjórnvaldi sem í raun metur og skoðar gögn sem farþegar framvísa, eða hjá stjórnvaldi sem starfar á grundvelli sóttvarnarlaga.

Fyrri umsagnir sem vísað er til hér að framan eru meðfylgjandi umsögn þessari. Samgöngustofa mun svara frekari fyrirspurnum um málið verði þess talin þörf

Virðingarfyllt,
f.h. Samgöngustofu



Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir
deildarstjóri lögfræðideildar



Vala Hrönn Viggósdóttir
lögfræðingur



Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. júní 2022
Tilv.:22051585 / VHV

Efni: 498. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - Frumvarp til sóttvarnalaga frá heilbrigðisráðherra

Vísað er til erindis velferðarnefndar Alþingis, dags. 19. maí sl., þar sem óskað er umsagnar Samgöngustofu um frumvarp til sóttvarnalaga, 498. mál.

Samgöngustofa kemur hér með á framfæri eftirfarandi athugasemdum við efni frumvarpsins.

Í 35. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Samgöngustofa geti lagt stjórnvaldssekt á einstaklinga eða lögaðila fyrir brot flugrekenda eða umráðenda loftfars og útgerða eða umráðenda skips á skyldum sínum m.a. til að kanna vottorð og önnur heilbrigðisskjöl hjá farþegum, farangri eða öðrum böggjum og hvort farþegi hafi fullnægt skráningu samkvæmt reglugerðum sem heimilt er að setja.

Bent er á að Samgöngustofu voru tímabundið falin sambærileg verkefni vegna aðstæðna tengdum COVID-19 heimsfaraldrinum sbr. lög nr. 41/2021 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra nr. 650/2021 og 1669/2021. Um var að ræða tímabundna ráðstöfun vegna þess ástands sem ríkti.

Með frumvarpinu virðist gert ráð fyrir að verkefnið verði fært varanlega til Samgöngustofu. Af því tilefni bendir Samgöngustofa á að kostnaðarmeta þarf verkefnið og tryggja að því fylgi fjármagn til að framkvæma. Slíkt kostnaðarmat hefur að mati Samgöngustofu ekki farið fram.

Að öðru leyti vísar Samgöngustofa til þeirra atriða sem fram koma í fyrri umsögn stofnunarinnar um frumvarpið sem send var heilbrigðisráðuneyti 16. febrúar sl. og er hér meðfylgjandi.

Virðingarfyllst,
f.h. Samgöngustofu


Vala Hrönn Viggósdóttir
lögfræðingur



Heilbrigðisráðuneytið
Sigurður Kári Árnason
Skógarhlíð 6
108 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2022
Tilv.:2202088 / SHK

Efni: Umsögn Samgöngustofu vegna frumvarps til laga um sóttvarnir, mál nr. 26/2022

Meðfylgjandi eru athugasemdir Samgöngustofu við 35. gr. frumvarpsins, *Skyldur flugrekenda eða umráðenda loftfars og sjórekenda*

1. Aðkoma Samgöngustofu að álagningu stjórnvaldssekta

Sú breyting sem hér er lögð til að kröfur til flugrekenda og þeirra sem koma með farþega á skipum til Íslands vegna sóttvarna, séu settar af heilbrigðisyfirvöldum, eru að mati Samgöngustofu eðlilegar og réttara að slíkar kröfur séu settar af heilbrigðisyfirvöldum, heldur en af samgönguyfirvöldum.

Samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda í dag (en um er að ræða breytingu á loftferðalögum nr. 41/2021 og svo aftur með lögum nr. 135/2021), er ráðherra samgöngumála heimilt að kveða á um tímabundnar skyldur flugrekenda/umráðenda loftfars til að tryggja sóttvarnir, með reglugerð. Skyldan er svo nánar útfærð í reglugerð nr. 1669/2021 um skyldu flugrekenda til að kanna vottorð vegna COVID-19 í millilandaflugi.

Samgöngustofu er þar fengið það hlutverk að leggja stjórnvaldssektir á flugrekendur, bæði innlenda sem erlenda sem brjóta gegn ákvæðunum.

Engin sambærileg ákvæði eru í gildi í dag um álagningu stjórnvaldssekta vegna þeirra sem flytja farþega til landsins með skipum.

Aðkoma Samgöngustofu við álagningu stjórnvaldssektanna hefur þó verið í lágmarki en stofnunin hefur enn sem komið er ekki lagt sektir á flugrekendur.

Landamæraeftirlit/landamæraverðir á flugvöllum landsins fara yfir gögn og meta hvort viðkomandi flugrekandi hafi uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerð. Telji landamæralögreglan að brot hafi átt sér stað, sendir hún Samgöngustofu upplýsingar um meint brot og er það hlutverk Samgöngustofu að leggja á hinu eiginlegu sekt, eftir að hafa sett málið í stjórnáslulegan farveg. Á þetta hefur þó aldrei reynt.

Samgöngustofu fagnar því að nú sé verið að endurskoða lagagrundvöll fyrir skyldum flugrekenda og útgerða og þar með aðkomu Samgöngustofu. Eðlilegt þykir að skyldurnar séu



á forræði heilbrigðisyfirvalda. Líkt og að framan er lýst gegnir Samgöngustofa í raun frekar hlutverki milliliðar, þar sem álagning sekta byggir á skoðun og mati annars stjórnvalds.

Samgöngustofa hefur ekki beina tengingu við komur flugrekenda né útgerðir þeirra skipa sem koma til Íslands með farþega. Eftirlit Samgöngustofu með flugrekendum, felst í því að tryggja örugga starfrækslu og lofthæfi loftfara íslenskra flugrekenda, sem og að framkvæma úttektir á flugöryggi erlendra flugrekenda, samkvæmt fyrirfram útgefinni áætlun. Þannig er Samgöngustofa aldrei í stöðugu sambandi við flugrekendur og er ekki að staðaldri á flugvöllum til þess að fylgjast með komum loftfara.

Að því er varðar skipakomur er aðkoma stofnunarinnar sambærileg, en þar má nefna að engin íslensk farþegaskip eru í millilandasiglingum. Eftirlit Samgöngustofu með skipakomum erlendra farþegaskipa, felst í fyrirframákveðnum öryggisúttektum en aðallega skyndiúttektum samkvæmt reglum um hafnarríkiseftirlit, sjá reglugerð nr. 816/2011, og eru um það bil 70 skip, bæði farþega- og flutningaskip skoðuð þannig á ári hverju.

Með vísan til framangreinds og í því skyni að einfalda kerfið og fækka milliliðum er það mat Samgöngustofu að rétt sé að færa ábyrgð og eftirfylgni álagningar sekta vegna brota á sóttvarnarlögum til annars stjórnvalds. Samgöngustofa hefur ekki fastmótaðar hugmyndir um hvert það stjórnvald ætti að vera, en telur að skoða mætti embætti Landlæknis eða eftir atvikum lögreglu.

Þá vísar Samgöngustofa til þess að fram kemur í ákvæðinu að ákvörðun um stjórnvaldssekt Samgöngustofu megi skjóta til ráðherra, en þar hlýtur að vera átt við ráðherra heilbrigðismála. Skoða þyrfti þessa útfærslu sérstaklega, verði ákveðið að halda verkefninu hjá Samgöngustofu.

2. Hugtakið „sjórekandi“

Samgöngustofa bendir á að hugtakið „sjórekandi“ er ekki notað um rekstraraðila skipa sem stundar farþegaflutninga. Hugtak sambærilegt við flugrekenda er í þessu sambandi „útgerð skips“ og nær það einnig til þeirra sem ekki flytja farþega í atvinnuskyni. til þess að gæta samræmis við gildandi ákvæði loftferðalaga gæti staðið: „útgerð skips eða umráðandi skips“.

3. Tímabundnar skyldur flugrekenda eða umráðanda loftfars og sjórekenda til að tryggja sóttvarnir

Í frumvarpinu er mælt fyrir um heimild til að kveða á um í reglugerð skyldu til að kanna vottorð og önnur heilbrigðisskjöl hjá farþegum, farangri eða öðrum böggjum. Þá gildir ákvæðið jafnframt um skyldu flugrekenda og „sjórekenda“ gagnvart skoðun á farangri.

Samgöngustofa bendir á að samkvæmt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á loftferðalögum nr. 60/1999, sbr. l. nr. 41/2021 og l. nr. 135/2021 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra (reglugerð nr. 650/2021 og reglugerð nr. 1669/2021) um skyldu flugrekenda til að kanna vottorð vegna COVID-19 í millilandaflugi, þá nær skyldan ekki til þess að kanna farangur og böggla.

Þá er í gildandi reglum tilgreint hvaða vottorð það eru nákvæmlega sem flugrekendum er skylt að kanna en í frumvarpi til nýrra sóttvarnalaga segir að skylt sé að kanna önnur heilbrigðisskjöl hjá farþegum, farangri eða öðrum böggjum.



Samgöngustofa bendir á að með frumvarpinu eru lagðar auknar skyldur á flugrekendur umfram þær sem nú eru í gildi og telur því að skýra þurfi vandlega hvaða gögn og vottorð það eru sem flugrekendum og útgerðum ber að kanna. Þá mætti að mati Samgöngustofu að skýra hvers vegna könnun á heilbrigðisgögnum nær til böggla og farangurs.

Virðingarfyllt

Sigrún Henríetta Kristjánsdóttir
Deildarstjóri lögfræðideildar